Ábyrgð Virðing Vinátta
Síðuskóli

# Skýrsla gæðaráðs og umbótaáætlun



**Júní 2023**

**Inngangur** **3**
**Starfsáætlun um innra mat** **3**
**Niðurstöður mats** **5**
Stjórnun og fagleg forysta 6
Nám og kennsla 7
Innra mat 8
Heildarniðurstaða innra mats  - myndræn 9
**Umbótaáætlun skólaársins 2023-2024** **9**

# Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats skólaárið 2022-2023 í Síðuskóla.

1. Helstu matsþættir
    - Nám og kennsla
        - Metið á hverju skólaári að hluta.
    - Stjórnun, mat á stjórnun og faglegri forystu verður metið út frá gæðaviðmiðum Menntastefnu Akureyrarbæjar á skólaárinu 2022-2023
    - Innra mat, lokið verður við þær umbætur er varða innra mat á skólaárinu 2022-2023
    - Skýrslu lýkur með umbótaáætlun

Nú í lok skólaársins 2023 er staðan þannig að gæðaráð hefur í vetur unnið innra mat skólans samkvæmt því verklagi sem innleitt var síðasta skólaár.

Gæðaráð Síðuskóla skipa Ólöf Inga Andrésdóttir, skólastjóri, Marías Ben. Kristjánsson, deildarstjóri, Helga Lyngdal, deildarstjóri, Heiða Björg Guðjónsdóttir, kennari, Jóhanna Ásmundsdóttir, kennari og Rannveig Heimisdóttir, kennari.

# Starfsáætlun um innra mat

Í Síðuskóla er litið á innra mat og umbótatillögur í kjölfar þess sem kjarnann í gæða skólastarfi. Markmiðið er að gera innra mat markvisst og samofið skólastarfinu og nota það sem tæki til umbóta og framfara. Akureyrarbær hefur sett upp viðmið um árangur og gæði í skólastarfi ásamt því sem skólinn setur sér eigin viðmið ef vill. Unnið er samkvæmt langtímaáætlun um mat á starfsemi í Síðuskóla í samræmi við nýja Menntastefnu Akureyrarbæjar, áætlunina er að finna hér.  Í vetur var áhersla lögð á þáttinn nám og kennsla og starfshættir þar endurskoðaðir og verkferlar bættir. Gæðaráð var stofnað í Síðuskóla haustið 2020 og fundaði á miðvikudögum og vann eftir langtímaáætlun skólans. Áætlun fyrir skólaárið 2022-2023 er að finna hér. Gæðaráð vinnur að eftirfylgd umbótaáætlunar fyrir skólaárið 2022-2023 sem gerð var á grunni innra mats fyrir skólaárið 2021-2022. Helstu verkefni skólaársins voru:

**Stjórnun og fagleg forysta:**

- Meta stjórnun og faglega forystu út frá gæðaviðmiðum Menntastefnu Akureyrarbæjar.
- Efla teymisvinnu enn frekar og starfsfólk taki þátt í mótun starfs og stefnu skólans
- Bæta líðan starfsfólks og finna leiðir til að efla samskipti og stuðning.

**Nám og kennsla:**

- Að tengja starfsáætlanir árganga við skólanámskrá.
- Vinna að heildarstefnu varðandi námsmat í öllum skólanum og vinna að því að námsmat sé fjölbreytt og uppbyggilegt og að nemendur fái reglulega endurgjöf.
- Að hafa viðmið um námsmat sýnileg fyrir nemendur og veita nemendum tækifæri til að skilgreina viðmið í samráði við kennara.
- Að tekið sé tillit til mismunandi þarfa nemenda og þeir hafi val um mismunandi leiðir að markmiðum.
- Koma upp kerfisbundnu mati á gæðum náms og kennslu m.a. með innliti í kennslustundir.
- Bæta sjálfsmynd og þrautseigju nemenda.
- Auka lýðræðislega aðkomu nemenda að skólastarfi.

**Innra mat:**

- Gæðaráð skipuleggur umbætur í samstarfi við starfsfólk og gerir umbótaáætlun út frá mati í samræmi við nýja menntastefnu Akureyrarbæjar.Tekið verður mið af umbótaáætlun gerðri að vori og þeim fylgt eftir á kerfisbundinn hátt.

# Niðurstöður mats

Niðurstöður taka mið af ársáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 ásamt umbótaáætlun og eru niðurstöðurnar lagðar fram í eftirfarandi þáttum:

1. Stjórnun og fagleg forysta
2. Nám og kennsla
3. Innra mat.

Í hverjum þætti er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá viðmiðum skólans. Farið yfir niðurstöður út frá matsgögnum og tillögur að umbótum lagðar á fram. Gæðaráð fór yfir þau gögn sem lágu til grundvallar á fundum sínum og bar saman við viðmið.
Hér má sjá hvernig niðurstöður eru flokkaðar út frá þeim sem gögnum sem liggja fyrir.

- **RAUTT -** Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

# Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnun og fagleg forysta var áhersluþáttur í innra mati skólans þetta skólaárið og var hún metin skv. viðmiðum Akureyrarbæjar - Stjórnun og fagleg forysta - matslisti 4. útgáfa. Farið var yfir heildarviðmið og metnir þættir sem teknir verða í umbótaáætlun næsta skólaárs. Gögn sem nýtt voru auk viðmiða Akureyrarbæjar um stjórnun og faglega forystu eru niðustöður starfsmannakönnunar Akureyrarbæjar og niðurstöður starfsþróunarsamtala.
Niðurstaða matsins er sú að fimm þættir afð sjö bera skýr merki um gæðastarf í skólum, einn þáttur telst vera ljósgrænn þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar og einn þáttur er gulur þar sem veikleikar eru meiri en styrkleikar.

| Stjórnun og fagleg forysta | |
|---|---|
| Faglegt samstarf og samræða | Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir |
| Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag | Starfsmanna stjórnun og verkaskipting |
| Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu | Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna |
| Umbætur og innleiðingar breytinga | |

**Umbætur næsta skólaárs:**

- Efla fagmennsku starfsfólks m.a. með ígrundun og gagnrýninni samræðu um starfshætti.
- Áfram unnið að eflingu teymisvinnu innan skólans.
- Bæta líðan starfsfólks og finna leiðir til að efla samskipti og stuðning.
- Unnið að ýmsum verkefnum er varða velferð barna. Til að mynda samþætting þjónustu í þágu farsældar barna, réttindaskóla UNICEF, fræðsla um viðbragðsáætlanir og og verklag vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun.

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

# Nám og kennsla

Viðmið Akureyrarbæjar - Nám og kennsla Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista, fundir stjórnenda með teymum, samtöl í kjölfar vettvangsheimsókna og niðurstöður starfsþróunarsamtala. Niðurstöður eru á þann veg að fjórir þættir af sex eru ljósgrænir þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar, einn þáttur er grænn þar sem flestir þættir eru sterkir og einn er gulur og uppfyllir gæðastarf að mörgu leyti en ákveðnir þættir þarfnast umbóta.

| Nám og kennsla | |
|---|---|
| Inntak og námskrá | Skipulag náms |
| Árangur náms | Námsvitund |
| Gæði kennslu | Ábyrgð og þátttaka |

**Umbætur næsta skólaárs:**

- Innleiða og styrkja starfshætti leiðsagnarnáms í skólanum. Vinna að markmiðssetningu nemenda í námi, fjölbreyttu námsmati og reglulegri endurgjöf.
- Að tekið sé tillit til mismunandi þarfa nemenda og þeir hafi val um mismunandi leiðir að markmiðum.
- Þematengt nám þar sem reynir á verkkunnáttu og sköpun.
- Bæta sjálfsmynd og þrautseigju nemenda
- Vinna að því að glæða áhuga nemenda á náttúrufræði
- Auka lýðræðislega aðkomu nemenda að skólastarfi

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

# Innra mat

Í vinnu gæðaráðs að innra mati var unnið skv. viðmiðum Akureyrarbæjar  - Innra mat
Markmið skólans á skólaárinu var að stofna gæðaráð og funda reglulega, útbúa langtíma- og skammtíma matsáætlun og birta á heimasíðu. Einnig verður mat framkvæmt á stöðu gagnvart gæðaviðmiðum Akureyrarbæjar um innra mat og umbótaáætlun um innra mat unnin í framhaldinu. Vinna innra mats skýrslu sem inniheldur umbótaáætlun.

Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið skólans voru viðmið um nám, niðurstöður spurningalista, fundargerðir og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Niðurstaða gefur til kynna að fleiri styrkleikar séu til staðar en veikleikar. Verklag er gott og flestir verkþættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

| Innra mat |
|---|
| Skipulag |
| Framkvæmd |
| Umbætur |

**Umbætur næsta skólaárs:**

- Áframhaldandi vinna við að koma upp kerfisbundnu mati og skráningu á því sem viðkemur skólastarfi.
- Áframhaldandi þróun á markvissu mati og úrvinnslu gagna.
- Gæðaráð skipuleggur umbætur í samstarfi við starfsfólk og gerir umbótaáætlun út frá mati í samræmi við nýja menntastefnu Akureyrarbæjar.Tekið verður mið af umbótaáætlun gerðri að vori og henni fylgt eftir á kerfisbundinn hátt.

## Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

| Stjórnun og fagleg forysta | | Nám og kennsla | | Innra mat |
|---|---|---|---|---|
| Faglegt samstarf og samræða | Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir | Inntak og námskrá | Skipulag náms | Skipulag |
| Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag | Starfsmanna stjórnun og verkaskipting | Árangur náms | Námsvitund | Framkvæmd |
| Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu | Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna | Gæði kennslu | Ábyrgð og þátttaka | Umbætur |
| Umbætur og innleiðingar breytinga | | | | |

**RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
**LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaðan er að í 88% matsþátta (14/16) eru meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Það er nálægt því markmiði sem sett var fyrir skólaárið 2022-2023 en stefnt var að því að 90% allra matsþátta yrðu grænlitaðir.

# Umbótaáætlun skólaársins 2023-2024

*Módel byggt á módeli Reykjavíkurborgar

## Stjórnun og fagleg forysta

| Samvirkni í stefnumótun | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fagleg endurgjöf og samræða** | Markviss ígrundun og samræður í kjölfar vettvangsathuga na. | Að stjórnendur fylgist markvisst með kennslu og í framhaldi af því eigi sér stað ígrundun og endurgjöf. | Stjórnendur | Ágúst 2023 | Júní 2024 | Stjórnendur/starfsfó lk í teymum. | Að þetta verði eðlilegur þáttur í skólastarfinu og markviss leið til að bæta starfshætti. |
| **Faglegt samstarf og samræða** | **Tækifæri til umbóta** | **Aðgerðir til umbóta** | **Ábyrgð** | **Hefst** | **Lokið** | **Hvernig metið/aðferðir** | **Viðmið um árangur** |
| **Faglegt samstarf og fagmennska starfsfólks** | Efla teymisvinnu enn frekar og starfsfólk taki þátt í mótun starfs og stefnu skólans. | Leiðtogar í teymum funda með fulltrúa MSHA, þar sem lögð er áhersla á að byggja upp öflug teymi þar sem hlutverk hvers og eins er skilgreint og þjálfað. | Stjórnendur | Haust 2023 | Júní 2024, í vinnslu áfram. | Sjálfsmat teyma og stjórnenda | Að teymiskennsla sé viðhöfð þar sem teymi bera sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu nemendahóps.<br>90% árangur skv. matslista Ak. bæjar um nám og kennslu (skipulag náms). |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Velferð barna** | Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna. | Fræðsla til starfsfólks og verkefnastjórn. | Stjórnendur | Haust 2023 | Júní 2024, í vinnslu áfram. | Lokið/ólokið | Að starfsfólk þekki þá þjónustu og leiðir sem standa foreldrum og börnum til boða. S.s. teymisvinnu, þverfaglegt samstarf og málastjórn. |
| **Velferð barna** | Bæta verklag vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun. | Styrkja starfsemi forvarnarteymis skólans, vinna fræðslu- og forvarnaráætlanir í hverjum árgangi fyrir sig og vera með fræðslu til starfsfólks varðandi það að meta hvenær grípa þurfi til að gera. | Stjórnendur Forvarnarteymi | Ágúst 2023 | Júní 2024 | Lokið/ólokið | Að fræðslu- og forvarnaráætlanir séu til staðar í öllum árgöngum og starfsfólk hafi fengið fræðslu. |
| **Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
| **Kynna áherslur skólans fyrir skólasamfélaginu.** | Kynna áherslur skólans fyrir þeim sem hafa tekið að sér störf í þágu skóland Þ.e. þeim sem sitja í bekkjarráði, skólaráði, umhverfisnefnd og stjórn foreldrafélags. | Að skólinn standi fyrir fræðslufundi á haustin fyrir fulltrúa foreldra og grenndarsamfélags sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnum og ráðum skólans. | Stjórnendur | Ágúst 2023 | Október 2023 | Lokið/ólokið | Að kynningarfundur hafi verið haldinn. |

| Starfsmannastjórnun og verkaskipting | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsánægja og líðan** | Að bæta líðan starfsfólks, finna leiðir til betri samskipta og efla samstarf. | Rýnihópar myndaðir, þverskurður af öllu starfsfólki skólans. Fengnar tillögur og unnið áfram með þær. Fundir stjórnenda með teymum. Starfsþróunarsamtöl. | Stjórnendur Gæðaráð | Ágúst 2023 | Júní 2024 | Starfsmannakönnun | Að í skólanum séu jákvæð samskipti og starfsfólki líði vel og sé ánægt í starfi.<br>Að 90% starfsmanna séu ánægðir eða mjög ánægðir. |
| **Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
| **Samskipti og faglegt samstarf stjórnenda og starfsfólk** | Að efla samskipti og faglegt samstarf stjórnenda og starfsfólks. | Að stjórnendur fari inn í kennslustundir með reglubundnum hætti og eigi samræður við teymi í framhaldinu þar sem ákveðnir þættir eru ígrundaðir. | Stjórnendur | Ágúst 2023 | Júní 2024 | Starfsmannakönnun Starfsþróunarsamtöl | Að í skólanum séu jákvæð samskipti og starfsfólki líði vel og sé ánægt í starfi.<br>Að 90% starfsmanna séu ánægðir eða mjög ánægðir. |

# Nám og kennsla

| **Inntak og námskrá** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skipulag náms og kennslu** | Að tengja starfsáætlanir árganga við skólanámskrá. Þær endurspegli áherslur um hvernig nemendum er mætt á þeirra forsendum. | Yifrfara starfsáætlanir árganga með tilliti til þess hvernig nemendum er mætt á þeirra forsendum og unnið að því að efla lykilhæfni. | Kennarar Stjórnendur | Ágúst 2023 | Júní 2024 | Fundir með teymum. | Að í starfsáætlunum árganga komi skýrt fram hvernig menntun fyrir alla er skilgreind og hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni. |
| **Skipulag náms og kennslu** | Að grunnþættir menntunar séu hafðir að leiðarljósi við val á viðfangsefnum. | Grunnþættir menntunar stýri vali á þeim viðfangsefnum sem unnið er með skv. starfsáætlun. | Kennarar Stjórnendur | Ágúst 2023 | Júní 2024, í vinnslu áfram | Fundir með teymum. | Að í starfsáætlunum árganga komi skýrt fram hvernig grunnþættir menntunar eru leiðandi í viðfangsefnum. |

| **Árangur náms** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Námsmat** | Að vinna áfram að því að námsmat sé fjölbreytt og uppbyggilegt og að nemendur fái reglulega endurgjöf. Að hafa viðmið sýnileg fyrir nemendur og veita þeim tækifæri til að skilgreina viðmið í samráði við kennara. | Endurmat á hæfnikortum. Nemendur þekki námsmarkmið kennslustundar og taki þátt í að skilgreina viðmið um árangur. Nemendur fái tækifæri til að bæta sig á grundvelli leiðsagnarmats. | Kennarar Stjórnendur | Ágúst 2023 | Vor 2024, í vinnslu áfram | Matstæki um þróun skólastarfs (GGÓ). Fundir með teymum. Matslisti Menntastefnu Ak.bæjar um nám og kennslu. | Að komast á 4.-5. stig skv. matslistum GGÓ. 90% árangur á matslista Menntastefnu Ak.bæjar. |
| **Innleiða starfshætti leiðsagnarnáms** | Innleiða og styrkja starfshætti leiðsagnarnáms. | Fræðsla fyrir alla starfsmenn í upphafi skólaárs, innleiðingarteymi stofnað, leiðtogar vinna með sínum teymum. | Kennarar stjornendur | Ágúst 2023 | Júní 2024, í vinnslu áfram | Innlit í kennslustundir, jafningja- og sjálfsmat kennara. Mat á fræðslu og vinnu innleiðingarteymis. | Að koma á verklagi sem samrýmist og lýsingu um gæðastarf í námi og kennslu. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf í námi og kennslu. |
| **Gæði kennslu** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig Metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kennsluhættir | Að tekið sé tillit til mismunandi þarfa nemenda og þeir hafi val um mismunandi leiðir að markmiðum. | Hafa viðfangsefni fjölbreytt og auka val nemenda á útfærslu viðfangsefna. Áframhaldandi þróun þematengds náms og samþættingar námsgreina. Unnið með áhugasvið nemenda og lögð áherlsla á að nemendur hafi val. | Kennarar Stjórnendur | Ágúst 2023 | Metið í júní 2024, í vinnslu áfram | Matstæki um þróun skólastarfs (GGÓ). Matslisti um nám og kennslu, Ak.bær. Sjálfsmat kennara í lok skólaárs. | Að komast á 4.-5. stig skv. matslistum GGÓ. Að ná 90% árangri skv. matslista um nám og kennslu, Ak.bæjar. (viðmið um gæðastarf í grunnskólum MMS). |
| **Skipulag náms** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
| **Fjölbreyttir kennsluhættir** | Fengist sé við fjölbreytt þemu þar sem reynir á verkkunnáttu og sköpun. | Valgreinar á miðstigi, smiðjur á unglingastigi. Áfram unnið að samþættingu námsgreina á mið- og unglingastigi. Þróa val á miðstigi áfram og bæta inn námsmati til að gera starfið markvissara. | Kennarar Stjórnendur | Ágúst 2023 | Metið vor 2024, í vinnslu áfram | Rýnihópar Matslistar GGÓ og Ak.bæjar um nám og kennslu. | 90% árangur á matslista Ak.bæjar um nám og kennslu (gæði kennslu). |
| **Upplýsingatækni í skólastarfi** | Tengja hæfnikort sem búið er að vinna í UT við kennsluna, enn frekari | Vera með fræðslu með reglubundnum hætti til að styðja kennara í að nýta | Kennarar Stjórnendur UT teymi | Ágúst 2023 | Metið vor 2024, í | Könnun | Þegar unnið er skv. markmiðum og samþætting við aðrar námsgreinar hefur náðst. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | samþætting við aðrar námsgreinar. | enn frekar þann tækjakost sem skólinn hefur yfir að ráða. Efla starf í UT teymi skólans. | | | vinnslu áfram | | |
| **Skipulag náttúrufræðikennslu** | Auka áhuga nemenda gagnvart náttúrufræði. | Námskeið í náttúrufræðikennslu þar sem áhersla er á verklega kennslu. Tækjakostur endurskipulagður og endurnýjaður skv. áætlun. | Kennarar Stjórnendur | Ágúst 2023 | Metið vor 2024, í vinnslu áfram | Skólapúlsinn Samtöl við teymi | Að við náum landsmeðaltali í viðhorfi til náttúrufræðikennslu í Skólapúlsinum. |
| **Námsvitund** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
| Velferð og líðan nemenda | Vinna að bættri líðan nemenda m.a. með því að efla sjálfsmynd og þrautseigju. | Með innleiðingu starfshátta leiðsagnarnáms ásamt því að halda áfram að efla fjölbreytta kennsluhætti m.a. með því að leggja áherslu á | Kennarar Stjórnendur | ágúst 2023 | Metið vor 2024, í vinnslu áfram | Skólapúlsinn Líðankannanir Forvarnarþríhyrningar Rýnihópar nemenda | 100% nemenda ánægðir eða mjög ánægðir. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | samþættingu námsgreina, vinna með áhugasvið nemenda, efla samvinnu og val við úrlausnir verkefna. | | | | | |
| **Ábyrgð og þátttaka** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig Metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
| **Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda.** | Auka lýðræðislega aðkomu nemenda að skólastarfi. Halda áfram innleiðingu réttindaskóla, efla réttindaráð og nemendaráð enn frekar. | Rýnihópar, nemendaráð, réttindaráð, umhverfisnefnd, skólaráð, árganga/skólaþing. | Kennarar Stjórnendur | ágúst 2023 | Metið vor 2024, í vinnslu áfram | Matslisti um nám og kennslu (ábyrgð og þátttaka) Ak.bær. | Nemendalýðræði sé virkt í skólanum. Leitað sjónarmiða nemenda um námsumhverfi, tilhögun og fyrirkomulag skólastarfs. Tekið tillit til sjónarmiða nemenda og þeir hafðir í ráðum við ákvarðanatöku.<br>Matslisti um nám og kennslu (ábyrgð og þátttaka), Ak.bær. |
| **Ábyrgð og skipulag náms** | Að nemendur taki í auknum mæli þátt í að setja sér markmið í námi. | Innleiða og styrkja starfshætti leiðsagnarnáms með fræðslu og markvissri innleiðingu. | Kennarar Stjórnendur | ágúst 2023 | Metið vor 2024, í vinnslu áfram | Sjálfsmat | Að koma á verklagi sem samrýmist og lýsingu um gæðastarf í námi og kennslu. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf í námi og kennslu. |

# Innra mat

| Skipulag | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Framkvæmd innra mats og kynning** | Festa í sessi starfshætti gæðaráðs og bæta enn frekar. Kynning og umræða um starf gæðaráðs og gildi innra mats. | Kynning á starfi gæðaráðs og fara yfir umbótaáætlun. | Gæðaráð Stjórnendur | Ágúst 2023 | Júní 2024 | Lokið/ólokið | Að innra mat sé álitið mikilvægt fyrir skólastarfið og starfsfólk þekki tilgang þess. |
| **Framkvæmd** | **Tækifæri til umbóta** | **Aðgerðir til umbóta** | **Ábyrgð** | **Hefst** | **Lokið** | **Hvernig metið/aðferðir?** | **Viðmið um árangur** |
| **Úrvinnsla gagna** | Vinna markvisst úr fyrirliggjandi gögnum og v inna jafnt og þétt að umbótaáætlun. | Gæðaráð fái þjálfun í úrvinnslu gagna. | Gæðaráð Stjórnendur | Ágúst 2023 | Júní 2024 | Gögn skoðuð og rýnt í niðurstöður. | Bætt verklag, 90% árangur á matslista Menntastefnu Ak.bæjar um nám og kennslu (gæði kennslu). |
| **Nám og kennsla** | Meta starfsáætlanir að vori. | Vinna skv. starfsáætlun. | Kennarar | Hvert skólaár. | | Samtöl við kennara um hvernig fyrirkomulagið reynist. | Að unnið sé skv. starfsáætlunum. |

| **Umbætur** | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig Metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Aðgerðaáætlun** | Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir varðandi markmið sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru. | Útbúinn er gátlisti fyrir verkefni í umbótaáætlun um þau markmið sem náðust ekki. | Gæðaráð | Í lok hvers skólaárs. | | Metið með gátlista. | Markvissar aðgerðir eru tilgreindar þar sem settum markmiðum er ekki náð. |
| **Umbætur og eftirfylgni** | Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir. | Skýrir verkferlar. | Gæðaráð | Í lok hvers skólaárs. | | Metið með gátlista. | Að verkferlar séu það skýrir að hægt sé að fylgja þeim eftir og hlutverk hvers og eins sé skýrt. |